



Gylfi Gíslason framkvæmdarstjóri JÁverk, Sigrún Melax Gæða, öryggis og umhverfisstjóri JÁverk og Haukur Baldvinsson framkvæmdarstjóri Toyota Selfossi.

JÁverk kaupir 6 nýja rafmagnsbíla

Í síðustu viku tók JÁverk á móti 6 rafmagnsbílum frá Toyota á Selfossi, sem leysa eldri jarðefnaeldsneytisbíla af hólmi og er þar með búið að skipta út um 20% af bílaflota félagsins yfir í rafmagnsbíla. Áætlað er að með þessu muni draga úr kolefnislosun um u.þ.b. 40 tonn CO2 ígilda á ári. Er þetta skref í vegferð félagsins að því að minnka umhverfisspor sitt og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og er áætlað að skipta út enn fleiri bílum á næstunni.

„Orkuskipti bílaflotans eru

ekki einu skrefin sem JÁverk er að taka í umhverfismálum. Á árinu 2022 fékk fyrirtækið vottun á Umhverfisstjórunarkerfi sínu samkvæmt ISO14001 staðlinum. JÁverk hefur nú þegar afhent fjölda Svansvottaðra bygginga og er handhafi Svansleyfis frá Umhverfisstofnun,“ segir Sigrún Melax, gæða, öryggis og umhverfisstjóri JÁverk í samtali við DFS.is.

„JÁverk er nú með um 350 íbúðir á framkvæmdastigi sem allar eru byggðar í samræmi við kröfur Svansvottunar og stefnt er á að fá Svansvottun við

verklok. Þar af eru 78 íbúðir með bílakjallara við Tryggvagötu á Selfossi, uppbygging á Tívolireitnum í Hveragerði er hafin og á höfuðborgarsvæðinu eru framkvæmdir í Kópavogi og á Seltjarnarnesi,“ bætir Sigrún við.

„Undanfarin ár hefur JÁverk lagt mikla áherslu á flokka allan úrgang og stefnir félagið á að yfir 90% sorps frá félaginu sé flokkað. Þá er stórt verkefni hjá JÁverk að minnka úrgang frá byggingarframkvæmdum og endurnýta það sem mögulegt er,“ segir Sigrún að lokum. HGL

Úlfur skaraði framúr á Englandi

Úlfur Darri Sigurðsson úr taekwondodeild Selfoss, fór til Poomsae á Englandi um síðustu helgi, ásamt landsliði Íslands, þar sem hann keppti á sjötta Bluewave Open Poomsae meistaramótinu í taekwondo.

Úlfur gerði sér lítið fyrir og komst í úrslit í sínum flokki með næst hæstu einkunn og uppskar hann fjórða sætið eftir harða keppni við eldri iðkendur, en þess má geta að Úlfur var að keppa upp fyrir sig í aldri. Úlfur er 11 ára gamall en hann keppti í flokki 12-14 ára.

Í tilkynningu frá taekwon-

dodeild Selfoss eru Úlfi færðar hamingjuóskir með árangurinn og Magneu Kristínu er þakkað fyrir að sjá um þeirra mann á mótinu.



Úlfur og Magnea Kristín. Ljósmynd: Aðsend



CrossFit Hengill lokar

María Rún Þorsteinsdóttir, Mannar eigandi CrossFit Hengils, sendi tilkynningu til iðkenda stöðvarinnar á sunnudag þar sem hún tilkynnti að hún og maðurinn hennar, Heiðar Ingi Heiðars-

son, komi til með að stíga frá rekstri CrossFit Hengils um næstu áramót, sem þau hafa samvirkusamlega sinnt síðustu 11 ár. Við ræddum við Maríu í viðtali sem má finna á blaðsíðu 2. HGL

Fáðu
fagmann
í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Bridsfélag Selfoss

78. aðalfundur Bridsfélags Selfoss verður haldinn í Selinu við Íþróttavöllinn, föstudagskvöldið 29. september 2023 kl. 20.



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Allir bridsáhugamenn
velkomnir.

Stjórnin

CrossFit Hengill lokar



að þetta yrði ekki eins og þetta var einu sinni, bara geymsla.“

„Við vissum að það væri yfirlýst stefna bæjarins að ráða framkvæmdastjóra fyrir íþróttafélagið og taka íþróttafélagið upp á annað level, við vissum líka að það væri yfirlýst stefna hjá þeim að auka við styrktarþjálfun, að reyna að útvega eitthvað húsnæði eða einhvernvegin að koma því að, það er mikil vöntun á því þannig að þá small þetta einhvernvegin saman, þó að þetta sé voðalega sorglegt og erfitt fyrir marga, og ekki síst okkur. Það hvað þetta er erfitt fyrir marga sýnir kannski hvað þetta hefur mikið gildi fyrir fólk. Fólk sem hefur ekkert verið í svona, það skilur þetta ekki, skilur ekki hvaða máli skiptir hvar þú hoppar upp á kassa eða eitthvað svoleiðis. En þetta er þínu stærra, á stóran hlut í lífi fólks, það eru til Hengils-hjón og Hengils-börn og allt,“ segir María og hlær.

Þjálfararnir fá nýjan vinnuveitanda

„Hengill á fullt af þjálfurum í sínum röðum og mér skilst að þælingin sé þannig að þeir geti áfram verið þjálfarar, þá bara hjá Hamri, alveg eins og stjórn fótboltafélagsins ræður til sín fótboltaþjálfara og er með ákveðna tíma í boði, þannig að þetta verði í rauninni bara þannig að þjálfararnir fái nýjan vinnuveitanda. Það eru fordæmi fyrir þessu, ég veit að bæði Fram og Stjarnan bjóða uppá líkamsrækt fyrir almenning, eru með hlaupahópa og allskonar tíma, þannig að það eru fordæmi fyrir því,“ segir María.

„Við verðum allavega áfram að æfa í kjallaranum þannig að ef einhvern langar að æfa áfram með okkur þá bara vonum við að fólk fari ekki, þó þetta verði undir öðrum formerkjum, sem verður mesta breytingin. Björgvin Karl stefnir að minnsta kosti áfram á að æfa þarna, hann er ekkert að fara neitt heldur,“ segir María að lokum. HGL

María Rún Þorsteinsdóttir, Annar eigandi CrossFit Hengils, sendi tilkynningu til iðkenda stöðvarinnar á sunnudaginn þar sem hún tilkynnti að hún og maðurinn hennar, Heiðar Ingi Heiðarsson, komi til með að stíga frá rekstri CrossFit Hengils um næstu áramót, sem þau hafa samvisskusamlega sinnt síðustu 11 ár.

„Sagt er að allt hafi sinn tíma og nú er sá tími upprunninn að við ætlum að róa á önnur mið. Síðastliðin 11 ár hafa verið ekkert minna en stórkostleg. Eitthvað sem byrjaði sem pínulítið hliðarverkefni, óx og dafnaði langt umfram vonir og væntingar. Við leyfum okkur að fullyrða að það samfélag og sá andi sem okkur öllum í sameiningu hefur tekist að búa til í þessum kjallara er einstakt og það er fátt sem við erum stoltari af,“ segir í tilkynningunni frá Maríu.

Hamar kaupir búnaðinn og heldur áfram rekstrinum

„Við erum að stíga frá rekstri og segjum upp leigusamningnum okkar við Hveragerðisbæ. Til þess að tryggja að þarna verði áframhaldandi starfsemi í boði fyrir fólk, ætlar Hamar að kaupa búnaðinn og heldur áfram rekstrinum. Þau ætla að vera með almennings- og lyftinga-deild innan síns félags og nota þetta einnig sem stuðning við hinar deildirnar, styrktarþjálfun og annað,“ segir María í samtali við Dagskrána.

„Þetta verður þó ekki viðurkennd CrossFit stöð, íþróttafélög geta ekki boðið upp á CrossFit þar sem það er ekki innan ÍSÍ, en eins og við vitum flest þá eru fullt af CrossFit stöðvum á Íslandi sem eru ekki með þessa viðurkenningu en eru samt að bjóða upp á CrossFit þannig að það verður mögulega í einhverju slíku formi, í kannski einhverju minna sniði, ég veit það ekki alveg, en mig grunar að þetta verði kannski ekki alveg jafn stórt í sniðum,“ bætir María við.

„Ætla ég að vera 67 ára að þjálfra CrossFit?“

Aðspurð hvað taki við segir María að Heiðar hafi verið í 100% vinnu samhliða þessu allan tímann. „Og ég var það svoem í byrjun líka en við erum ekki alveg búnar að ákveða hvað

við ætlum að gera. Við erum ekkert að fara neitt en ég er orðin 38 ára og það var kominn tími á nýjan kafla ef ég ætlaði einhverntímann að gera það. Ég fór aðeins að hugsa, ætla ég að vera til 67 ára að þjálfra CrossFit?,“ segir María og hlær.

„Draumurinn hefði auðvitað verið að geta komið þessu í óbreyttri mynd í hendurnar á öðrum, en þetta húsnæði og fyrirkomulag bara hentaði ekki í það, það hefði þurft að fara í einhverjar breytingar þar á, aður en við hefðum komið þessu áfram, við hefðum þurft að fara úr kjallaranum í eitthvað annað húsnæði, undir öðrum formerkjum,“ bætir María við.

Leysir ekki vanda Hamarshallarinnar

Aðspurð hvort hún telji að þessi viðbót hjá Hamri geti komið til móts við aðstöðuleysi fyrir íþróttaiðkun hjá Hveragerðisbæ eftir að Hamarhöllin hvarf á braut, segir María að aðstaðan bjóði ekki upp á mikið. „Þetta leysir ekki þann vanda, það er enginn að fara að þjálfra fimleika, badminton eða blak þarna en þetta kannski styður eitthvað við aðrar greinar. Þetta mál er ekki pólitískt eðlis, það eru einhverjir sem halda það, að það sé verið að segja upp leigusamningnum okkar en það er ekki þannig. Þetta er í rauninni bara okkar ákvörðun að stíga frá og það opnaðist þarna tækifæri. Það var okkur mikið hjartans mál að það yrði áfram eitthvað í boði þarna,



María Rún Þorsteinsdóttir og Heiðar Ingi Heiðarsson ásamt barni þeirra.

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



Sveitarfélagið
ARBORG

Suðurrhólar lokaðir tímabundið milli Vesturrhóla og Tryggvagötu

Vegna vinnu við gerð nýs hringtorgs við Hólastekk, Jór vík og Suðurrhóla verður Suðurrhólum lokað þann 18. september nk. milli Vesturrhóla og Tryggvagötu, hjáleidi fyrir fólksbílaumferð verður um Tryggvagötu, Norðurrhóla og Vesturrhóla. Umferð stærri bíla er beint um Austurveg og Eyraveg. Umferð að Jór vík verður óbreytt eða um Hólastekk.

Lokunin varir í 6 vikur.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árbogar



Prentaðar jólagjafir sem slá í gegn

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Kjörís er fjölskyldufyrirtæki sem hóf starfsemi 1969 og er staðsett í Hveragerði. Fyrirtækið framleiðir, dreifir og selur ís og tengdar afurðir. Kjörís stundar stöðuga vöruþróun, með eigin framleiðslu sem og með innflutningi, og kappkostar að bjóða vörur sem falla að smekk neytenda hverju sinni. Fyrirtækið leggur áherslu á góða þjónustu og að njóta trausts viðskiptavina og neytenda. Starfsmenn Kjörís eru drifkraftur fyrirtækisins og lögð er áhersla á opin skoðanaskipti og umboð til athafna. Hjá fyrirtækinu starfa 50 starfsmenn.

Gæði – Ábyrgð – Þjónusta

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).

Sölu- og markaðsstjóri

Kjörís leitar að markmiðadrifnum leiðtoga til að koma inn í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og stýra sölu- og markaðsstarfi. Leitað er að leiðtoga sem býr yfir árangursríkri reynslu og þekkingu á sölu- og markaðsmálum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Áætlanagerð, stefnumótun, þróun og eftirfylgni sölu- og markaðsmála.
- Ábyrgð á daglegum rekstri og eftirfylgni verkefna sviðsins.
- Uppbygging öflugrar liðsheildar og almenn starfsmannamál, stuðningur og hvatning starfsmanna til góðra verka.
- Uppbygging ímyndar og stafræn stefnumótun.
- Þátttaka í þróun vöruúrvals og stöðugum umbótum.
- Ábyrgð á myndun og þróun viðskiptasambanda.
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini.
- Árangursmælingar og greining sölutækifæra.
- Innri og ytri samskipti við hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og metnaður til að ná árangri.
- Fagleg þekking, árangursrík reynsla og brennandi áhugi á sölu- og markaðsmálum.
- Þekking og reynsla á íslenskum neytendamarkaði.
- Leiðtogahæfni, framsýni og drifkraftur.
- Árangursrík reynsla af stjórnun og stefnumótun.
- Sjálfstæð vinnubrögð, drifkraftur, frumkvæði og geta til að taka ákvarðanir undir álagi.
- Háskólamenntun eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Góð tölvukunnátta og færni til að tileinka sér nýjungar.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Hinar leynilegu laxveiðar

Það hefur lengi verið mikil þulúð yfir aflatölum neta-veiðimanna, á Ölfusár- Hvítár svæðinu. Merkið nokk, þá á Veiðimála- Hafrannsóknastofnun þarna hlut að máli. Þetta er bæði siðlaust og ólöglegt. Í fljótu bragði má sjá það fyrir sér að þeir séu að pukrast með þetta til að svíkja undan skatti. Þegar betur er að gáð er líklegt að sumir þeirra geri sér grein fyrir ranglætinu og skammist sín. Það heppnast vonandi, með tímanum, að fá þá fleiri til að skammast sín, svo að þarna geti orðið breytingar á.

Laxaklak í Ölfusá

Árið 2012 birtu tveir mætir fiskifræðingar skýrslu, upp á 21 bls., um að það væru hell-

ings hrygningar- og klakmögu-leikar í mestallri Ölfusá. Það ætti þó öllum að vera ljóst að laxinn hrygnir ekki í sandi og lygnu vatni. Hrognin dræpast þar af súrefnisskortri. Og laxinn tekur ekki agn nema þar sem eru hrygningarskilyrði. Það er ekki vitað til að lax hafi tekið agn fyrir neðan Árbæ.

Útgerðin í Drepstokki

Jörðin Óseyrnar varð fyrir feiknalegu landrofi, af völdum árinna og það svo mjög að um árið 1730 var bærinn færður, einu sinni enn og nú heim á tún, í Drepstokki. Svo Gísli silfur-smiður gerði út frá Drepstokki sínar kílómetra löngu laxagildur, um aldamótin 1900.

Það má kannski segja að Ölf-



usáin, hið neðra, sé einn drepstokkur, þar sem laxinn neyðist til að fara þar um á leið sinni til hrygningarstöðvanna, en lendir þá í netum drepstokksins.

Hreggviður Hermannsson



Ljósmynd: Fasteignaland

Þjónustumiðstöðin í Hraunborgum komin á sölu

Þjónustumiðstöðin í Hraunborgum, Grímsnesi var sett á sölu á mánudaginn. Dagskráin náði tali af Gunnari Birni Gunnarssyni, eiganda Hraunborga.

„Það eru persónulegar ástæður fyrir sölnunni. Þegar ég keypti í maí í fyrra var ég giftur og sá fyrir mér að ég og konan myndum vinna að þessu saman en svo skildum við og þar af leiðandi er ég búinn að vera meira og minna einn í þessu sem hefur verið frekar erfitt. Það þyrfti í raun fjölskyldu til að keyra Hraun-

borgir áfram, hluti af þjónustumiðstöðinni er þriggja herbergja íbúð þar sem er í raun hægt að koma fyrir stórfjölskyldu,“ segir Gunnar Björn í samtali við Dagskrána.

„Ég er kominn með þrjú tilboð og það fjórða er hangandi, það gerðist áður en ég setti á sölu. En ég er búinn að halda þjónustumiðstöðinni vel við og gera ýmsar uppfærslur á þessu rúma ári síðan ég tók við rekstrinum. Ég er búinn að stækka tjaldsvæðið um 60%, sömuleiðis

heimtaugina um sama prósentu-hlutfall, þannig að rými fyrir rafmagnsnotkun er stóraukið, auk þess að við höfum sett upp rafmagnsstaura allsstaðar. Sundlaug og heitir pottar eru nýmál- aðir, með hálkuvörn í tröppum, sem og búningasklefnir. Hluti af lóðinni hefur verið dreinaður og aðstaðan innandyrar hefur verið stórbætt, auk bættra öryggisatriða á leiksvæði og ýmslegt fleira,“ segir Gunnar Björn að lokum.

HGL

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Málið sótti lögmaðurinn lærði, (sögn)
ljóðið dimmum rómi fram han sagði. (sögn)
Vörur milli hafna ferjan færði, (sögn)
fór á nýja bújörð Páll og þagði. (sögn)

Svar við gátu í blaði 2718: **ÁR**
2. **Ár**
3. **Ár**, í árabát



Eiríkur Raphael Elvy er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Ég vil byrja á því að þakka Ragga frænda fyrir áskorunina. Frábær frændi og vinur.

Osso Bucó er réttur frá Norður-Ítalíu. Ítalir nota oftast kálfskanka en ég nota líka stundum nautaskanka. Bæði betra.

Osso Bucó

Þetta er réttur sem að tekur tíma, en er mjög einfaldur í framkvæmd.

- 1 sneið af Osso Bucó á mann
- 2 skalottulaukar, saxaðir
- 2 stönglar sellerí, saxaðir í teninga
- 2 gulrætur, saxaðar í teninga
- 5 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 2 greinar timjan, 2 greinar rósmarín, 2 lárviðarlauf bundin saman í kryddvönd.
- 1 dós heilir tómatar
- 5 dl kjúklingasoð
- Dass hvítvín

Osso Bucó er best að elda í stórum járnpotti. Hitið 1-2 matskeiðar af ólífuolíu í pottinum og steikið kjötsneiðarnar 2 mínútur á hvorri hlið. Saltið og piprið. Takið kjötið uppúr og geymið. Steikið skalottulauk, sellerí, gulrætur og hvít-lauk í um 5 mínútur í pottinum. Bætið þá við tómötunum og sjóðið í 6 mínútur. Hrærið reglulega. Bætið nú við dassa af hvítvíni, 3 dl af kjúklingasoðinu og kryddvendingum og loks kjötsneiðunum. Látið malla í 10 mínútur.

Setjið lokið á pottinn og setjið inn í 160 gráðu heitan ofn. Eldið þar í um amk 3 klukkustundir. Snúið kjötbittunum við í pottinum einu sinni til tvisvar á þeim tíma og bætið við kjúklingasoði eftir þörfum. Soðið á að þekja kjötið allan tímann.

Að þremur klukkutímum liðnum er kjötið orðið meyr og fínt og liggur í mögnuðu, bragðmiklu soði. Takið kryddvöndinn upp úr. Setjið kjötbítana á disk og ráðið á soðið og grænmetið með töfrasprota og lágum hita. Þá færð þú frábæra sósu. Besta meðlætið með Osso Bucó er t.d risotto.



Risotto

- 2–3 stk. skalottulaukar
- ½ dl ólífuolíu (helst frá Colog-nole)
- 250 g risottogrynjón
- 1 ltr. kjúklinga- eða græn-metissoð
- 1 msk. smjör Salt og pipar til smakks

Hitið olíuna í góðum potti og svitið laukinn (má ekki brúnast). Hellið yfir hrísgrjónunum og hitið saman og hrærið stöðugt.

Hellið ¼ af heitu soðinu út í og látið malla þar til grjónin hafa tekið í sig soðið. Hræra stöðugt.

Bætið síðan bolla og bolla í einu af soðinu þar til grjónin eru orðin mjúk og hafa drukkið í sig allan vökvann, 15–18 mínútur.

Svo er frábært að leggja loka-hönd á diskinn með því að flengja nokkrum tskeiðum af Gremolata yfir réttinn.

Gremolata gerum við með því að blanda saman 4 msk af fínt saxaðri flatlaufa steinselju, rifnum berki af einni sítrónu og 2 rifnum hvítlauksgeirum. Blandið saman í skál, saltið og piprið.

Osso Bucó kallar á kröftug vín t.d frá Norður Ítalíu (Grows together goes together). Barolo, Amarone eru frábærir kostir. Ég fæ mér nú oftast eina Syrocco shiraz frá Marakkó.

Grazie!

Ég vil skora á æskuvin minn og hægri bakvörðinn Sigurð Eyberg Guðlaugsson. Hann er mikill sælkeri, og finnst ekki leiðinlegt að henda í 3 rétta máltíð fyrir fjölskyldu og vini. Hann hefur mikinn áhuga á því hvaðan maturinn kemur og því kæmi mér ekki á óvart að við fengum að sjá uppskriftir beint frá bónda. Vonandi hendir hann í einn af sínum frægu grænmetis-réttum sem að slá alltaf í gegn hjá gestum. Mmmmm...

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X





LÓÐIR UNDIR ATVINNUHÚSNÆÐI, SALA Á BYGGINGARRÉTTI

Árborg auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir atvinnuhúsnæði á átta lóðum að Víkurheiði 3, 5, 13, 18, 19, 21, 20 og 22. Um er að ræða vel staðsettar lóðir á iðnaðar- og atvinnusvæði við Eyraveg sunnan Selfoss.

Leitað er að kaupþilboðum í lóðirnar frá aðilum sem hyggjast byggja upp atvinnustarfsemi á svæðinu. Svæðið er skilgreint sem athafnarsvæði og ætlað undir hreinlega atvinnustarfsemi. Yfirstandandi er deiliskipulagsbreyting á svæðinu sem áætlað er að ljúki í október næstkomandi.

Stærð lóðanna er frá 4.351 m² til 8.617 m². Á lóðunum er nýtingahlutfall 0,35 til 0,40 og má því byggja að hámarki 1.740 m² til 3.447 m² byggingar á þessum lóðum. Hámarks þakhæð er 15 m.



Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 föstudaginn 29. September 2023. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opnunar verður tilboðsgjöfum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



HAUST FESTIVAL Í ÞORLÁKSHÖFN

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

LAUGARDAGUR, 23. SEPTEMBER 2023 KLUKKAN 19:30
HAUST FESTIVAL Í ÞORLÁKSHÖFN
Hafnarberg 1, 015 Sveitarfélagið Ölfus, Ísland

Laugardagskvöldið 23. september 2023

Í Versölum, Hafnarbergi 1



JÓN SIG 500KALLINN
KEYRIR PARTÝIÐ Í GANG



STEINEY SKÚLA MEÐ
PARTÝPÖBBKVISS



BANDMENN SPILA Á BALLINU

Dagskráin:

- 19:30** Húsið opnar (B og C miði)
- 20:30** Partýpöbbkviss með Steineyju Skúla (B og C miði)
- 22:30** Jón Sig 500kallinn (B og C miði)
- 23:00** Handhafar A miða velkomnir
- 23:30** Bandmenn stíga á stökk (A, B og C miði)
- 02:00** Dagskrárlök

Miðaverð:

- A Eingöngu ball - forsala..... **5.000,-**
- A Eingöngu ball - við inngang **7.000,-**
- B Allt kvöldið **án** veitinga **9.500,-**
- C Allt kvöldið **með** veislubakka frá Reykjavík Asian **11.500,-**

FORSALA MIÐA & BORDAPANTANIR

Föstudaginn 22.09. kl.16-18 í Verinu, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn, gengið inn niðri í ráðhúsinu og til hægri. Einnig er hægt að kaupa miða með því að smella á hlekk sem er í viðburði **HAUST FESTIVAL** á Facebook



ADALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Karлакór Hveragerðis býður nýja félaga velkomna

Karлакór Hveragerðis er að hefja sitt sjöunda starfsár nú í haust og verður fyrsta æfing haldin miðvikudaginn 20. september klukkan 19:30 í Þorlákssætri (salur beint fyrir ofan heilsugæsluna í Hveragerði).

Við viljum gera góðan kór enn betri með því að þetta raðirnar og bjóðum því nýja félaga sérlega velkomna og þá sérstaklega tenóra en bassar eru að sjálfsgöðu meira en velkomnir einnig.

Þetta er léttur og skemmtilegur félagsskapur þar sem meginsteifið er gleði og léttleiki þó metnaður sé í mönnum að gera vel og vanda sig að sama skapi.

Tökum öllum nýjum félögum opnum örmum og hvetjum menn eindregið til að láta slag standa og skella sér loks í karlakórinn. Ekki er skilyrði að kunna að lesa nótur en gott er að vera lagviss og léttur í lund.

Margt spennandi framundan m.a. fyrirhuguð utanlandsferð á vormánuðum á suðrænar slóðir. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband við Örlyg Atla söngstjóra í síma 824- 3677 eða netfang orlyguratli@simnet.is, og eða Heimir Örn formann sími: 837 9707 netfang heimirornh@gmail.com




Kvikmyndin Konungur fjallanna

Bíóhúsið á Selfossi var troðfullt af fólki á sunnudagskvöldið var, þar sem fram fór frumsýning á kvikmyndinni Konungur fjallanna. Kristinn Guðnason fjallkóngur á Landmannaafreiti lét gesti sína biða eftir sér eins og alvöru kvikmyndastjarna. Mikil eftirvænting lá í loftinu smalar og vinir fjallmannanna voru mættir. Ekkert er jafn heillandi eins og göngur og réttir á haustin. Myndin fangaði vel ævintýrið um líf og starf sauðfjárbóndans frá sauðburði til rétta. En hæst reis myndin við smala-mennsku í einu fegursta fjalllendi Íslands inn við Landmannalaugar og Hekla er drottning öræfanna þar sem fjallkóngurinn Kristinn Guðnason stýrir liði sínu til

smalamennsku. Myndin sýnir vel töfra íslenskrar náttúru, þar sem smalinn fer um fjöll og firnindi sundrídur ár og rekur lagðprúða hjörðina til rétta. Fjallkóngurinn er sögumaður myndarinnar þar bregst Kristinn ekki af hógværd og festu segir hann söguna. Kristinn er sannur bóndi og rekur af tilfinningu, þann unað sem smala-mennskur, sauðkindin og hesturinn gefur bóndanum. Hann ann afreiti sínum og í 42 ár hefur hann stýrt liði sínu og farið í smalaferðir í ein sextíu ár. Gestir kóngsins og smalanna eru svo fólk frá mörgum þjóðlöndum, margir koma aftur haust eftir haust. Hver sá sem horfir á þessa mynd skilur á eftir hvílík menning er fólgin í smalamennskum um af-

rétti landsins. Hestar og menn svitna saman og gleðin yfirgnæfir allt erfiði. Myndinni er leikstýrt af Arnari Þórisssyni og framleiðendur myndarinnar eru Áslaug Pálsdóttir og Guðrún Hergils Valdimarsdóttir. Tónlist er í höndum Úlfs Eldjárn og hljóð Péturs Einarssonar. Þessa kvikmynd verða allir að horfa á og hana ætti að sýna í skólum landsins. Myndin er ákall um forna og nýja menningu og landbúnað sem er einstakur á veraldarvísu. Ég skora á Sunnlendinga að njóta kvikmyndarinnar Konungur fjallanna í Bíóhúsinu á Selfossi næstu vikur. Ennfremur verður hún sýnd í Laugarásbíói í Reykjavík. Myndir kallar á fjölskyldu-ferð í bíó.

Guðni Ágústsson



Staða og framtíð Óskalands

Þau ánægjulegu tíðindi bárust þann 7. september, að fyrirhuguð stækkun leikskólans í Óskalandi var sett í útboð.

Þetta eru frábærar fréttir og þá sérstaklega fyrir þá íbúa bæjarins sem biða eftir fjölgun leikskólaplássa í Hveragerði.

Allt frá því að núverandi meirihluti tók við hefur verið unnið að styttingu biðlista leikskólabarna og hvernig hægt yrði að flýta fyrirhuguðum framkvæmdum við nýjan 6 deilda leikskóla í Kambalandinu sem gert var ráð fyrir að yrði opnaður veturinn 2024-25. Sömu leiðis að finna lausn á þeim háa kostnaði sem kostnaðaráætlun þess leikskóla hljóðaði uppá eða um 1300 milljónir kr.

En einnig, samtímis fjölgun leikskóladeilda í Hveragerði þurfti að finna lausn á bágru aðstöðu starfsfólks Óskalands en fyrir lá tilboð í viðbyggingu uppá 250 milljónir kr. til þess að leysa það mál.

Fyrir sveitarfélag eins og Hveragerði er það heilmikið mál að ráðast í framkvæmdir sem þessar svo ekki sé minnst á aðrar fjárfrekar framkvæmdir sem biða í sveitarfélaginu eins og stækkun grunnskólans, lausn á betri aðstöðu til íþróttaiðkunar eftir hvarf Hamarshallar og endurbóta á fráveitu bæjarins.

Því þarf stundum að leita

nýrra lausna sem varð niðurstaðan og ákveðið var í desember sl. að reisa annars konar leikskóla í Kambalandinu, tilbúnað færanlegar einingar sem tæki mun skemmri tíma að reisa og allur kostnaður mun lægri.

En fljótlega á þessu ári, eftir yfirlegu hvernig leysa mætti á sama tíma aðstöðumál Óskalands, var tekin sú ákvörðun að slá nokkrar flugur í einu höggi og fara í stækkun Óskalands og geyma Kambalandið til betri tíma.

Var því öll vinna sett í gang að hanna stækkun Óskalands og á sama tíma að hanna bætta aðstöðu fyrir starfsfólkið og nú, rúmum 6 mánuðum síðar er þeirri vinnu lokið með útboði á stækkun leikskólans.

Um er að ræða fullbúna 4 deilda viðbyggingu, samtals 586 m², sem tengd verður við leikskólann með 13 m² tengibyggingu og mun stækkunin uppfylla allar reglugerðir um leikskólabyggingar

Útboðið stendur til 22.09. og í framhaldinu verður unnið úr þeim tilboðum sem berast og verður þeirri vinnu hraðað sem mest. Að því loknu verður gengið til samninga og er gert ráð fyrir að leikskólinn verði tilbúinn í byrjun mars 2024 eða tveimur mánuðum síðar en upphafleg plön í Kambalandinu

gerðu ráð fyrir. Er það trú mín að það muni standast þó vissulega sé um einn óvissuþátt að ræða sem kallast veðurfar.

Eins og ég nefndi mun leikskólinn stækka um allt að 4 deildir auk þess sem öll aðstaða starfsfólks mun stórbatna sem eru góð tíðindi fyrir okkar frábæra starfsfólk á Óskalandi sem hefur mátt búa við þröngan kost. Er það von okkar að þessi stækkun muni fara mjög langt með að leysa biðlistavandamál bæjarins.

Í sumar var unnið í hagin hvað starfsmannaðstöðuna varðar og ýmis undirbúningsvinna unnn innan Óskalands sem auðvelda mun alla framkvæmd. Jarðvinnan hefur þegar verið boðin út og tilboð lægstbjóðenda samþykkt í bæjarráði.

Í fjárhagsáætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að heildarkostnaður bæjarins við framkvæmdina verði um 300 milljónir kr. og inn í þeirri tölu er bætt og betri starfsmannaaðstaða Óskalands. Um er að ræða færanlegar húseiningar til kaupréttarleigu.

Mig langar að þakka starfsfólki bæjarins kærlega fyrir flotta vinnu og að hafa náð að klára þessi mál á jafn skömmum tíma og raun ber vitni.

Geir Sveinsson,
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Ágúst Sigurðsson ráðinn forstöðumaður Lands og skógar

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur ákveðið að skipa Ágúst Sigurðsson sem forstöðumann Lands og skógar. Nýr forstöðumaður mun vinna ásamt núverandi forstöðumönnum Skógræktarinnar og Landgræðslunnar og starfsfólki að undirbúningi sameiningar stofnananna sem gengur í gildi um áramótin.

Ágúst hlaut doktorsgráðu í erfðafræði frá sænska Landbúnaðarháskólanum í Uppsöllum árið 1996 og útskrifaðist með B.Sc.-gráðu frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri árið 1989.

Ágúst var sveitarstjóri Rangárþings ytra frá árinu 2014 til 2022 og rektor við Landbúnað-

arháskóla Íslands frá árinu 2004 til 2014 þar sem hann stýrði m.a. sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þá starfaði Ágúst sem landsráðs-nautur í búfjárfærðafraeði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá árinu 1996 til 2004.

Ágúst hefur setið í stjórnnum, ráðum, nefndum og hópum tengdum meðal annars landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og háskólamálum. Hann hefur ritað fjölda vísindagreina í alþjóðlegum ritrýndum vísinda- og ráðstefnuritum ásamt greinum í fag tímarit og blöð.

Land og skógar tekur formlega til starfa þann 1. janúar



2024. Embætti forstöðumanns var auglýst í júní síðastliðnum og sóttu níu um embættið. Hæfnisnefnd var ráðherra til ráðgjafar við mat á umsækjendum.

Íris er nýr bæjarritari Hveragerðisbæjar

Þann 14. september sl. samþykkti bæjarstjórn Hveragerðisbæjar að ráða Írisi Bjargmundsdóttur í starf bæjarritara hjá Hveragerðisbæ.

Starfið var auglýst 29. júní 2023. Alls bárust þrettán umsagnir um starfið en fjórir drógu sig til baka og voru níu umsóknir metnar í ráðningarferlinu.

Íris er með BA gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík og síðar ML gráðu í lögfræði

og nam tölvunarfræði frá sama skóla.

Hún starfaði sem lögfræðingur hjá Reitum fasteignafélagi 2009 – 2010.

Frá árinu 2010 hefur hún starfað sem lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og forvera þess. Íris var sendifulltrúi ráðuneytisins hjá fastanefnd Íslands gagnvart ESB á árunum 2020 – 2022.



Vetrarstarf Karla kórs Selfoss 2023-2024 Kynningarkvöld fyrir nýja félaga

Vetrarstarf Karla kórs Selfoss er að hefjast núna þegar vetur nálgast. Aðalfundur kórsins var haldinn 28. ágúst sl. og þar var kjörin stjórn, en hana skipa; Ómar Þór Baldursson, form. og aðrir stjórnarmenn eru Þórir Haraldsson, Einar Hermundsson, Björgvin R. Snorrason, Jóhann Pétur Jóhannsson og Unnar Steinn Guðmundsson.

Kynningarkvöld, þar sem farið verður yfir starfsemi komandi vetrar, og nýir söngmenn boðnir velkomnir, verður haldið mánudagskvöldið 25. september kl. 19:30, og fyrsta æfing vetrarins verður mánudagskvöldið 2. október kl. 19:30 í félagsheimili kórsins að Eyravegi 57. Kom-

andi starfsár er það 59. í sögu kórsins, sem var stofnaður 1965.

Mörg spennandi og skemmtileg verkefni eru framundan og söngskrá vetrarins (lagaval) verður væntanlega kynnt á fyrstu æfingunni, en æft verður einu sinni í viku, á mánudagskvöldum kl. 19:30-22:00. Fastir punktar í vetrarstarfinu eru jólatónleikar sem haldnir verða í Selfoskirkju og Skálholt skirkju í desember. Þá eru vortónleikar kórsins áformaðir í Selfoskirkju samkv. venju á sumardaginn fyrsta, 25. apríl 2024 og þriðjudaginn 30. apríl, svo verður sungið í Fella- og Hóla kirkju fimmtudaginn 2. maí og lokatónleikar verða svo í Skál-

holt skirkju laugardaginn 4. maí 2024.

Hugmyndir eru uppi um sérstaka söngferð til Salzburg næsta vor, sem verður væntanlega kynnt síðar á starfsárinu.

Um og yfir 70 söngmenn hafa starfað með kórnum undanfarin ár og stjórnandi Karla kórs Selfoss er eins og undanfari 8 ár, Skarphéðinn Þór Hjartarson og píanóleikari Jón Bjarnason, sem starfað hefur með kórnum í 12 ár.

Nýir félagar eru sérstaklega boðnir velkomnir og eldri söngmenn eru hvattir til að mæta.

VB:



Bókaspjall á Kirkjubæjarklaustri:

Lilja Magnúsdóttir og Áslaug Ólafsdóttir lesa úr nýjum bókum. Lilja les úr nýútkominni bók Friðarsafninu og Áslaug les upp úr bókinni Hlutskipti.

Bækurnar verða til sölu á staðnum. Veitingar í boði Kjarr restaurant.



Aðalfundur Kvenfélags Stokkseyrar

Haldinn verður Aðalfundur Kvenfélags Stokkseyrar mánudagskvöldið 9. október nk. í Ásgeirsbúð, safnaðarheimili Stokkseyrarkirkju kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Hvetjum allar konur til að mæta og njóta létttra veitinga í boði félagsins og kynna sér hvað félagið stendur fyrir og hvað við ætlum að gera saman í vetur.

Hlökkum til að sjá ykkur. Stjórn Kvenfélags Stokkseyrar.

OPIÐ HÚS
FOSSVEGUR 4 – ÍBÚÐ 401
LAUGARDAGINN 23. SEPTEMBER
KL. 13.00 – 14.00



Eigandi eignarinnar tekur á móti áhugasömum kaupendum. Vinsamlegast skráið ykkur á opið hús hjá Kristófer í síma 695 6134 eða sendið línu á kristo@olafur.is. Nánari upplýsingar um eignina á olafur.is



Ólafur Björnsson
Eyravegi 15, 800 Selfoss
s: 416 2220 | olafur.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Bólstaður - Nýtt deiliskipulag

Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins. Skipulagssvæðið er 3,1 ha. að stærð. Heimilt verður að byggja 100 m² fjallaskála með gistileyfi fyrir 20 manns ásamt skálavardarhúsi.

Mosar - Nýtt deiliskipulag

Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins. Stofnaðar verða tvær lóðir, annarsvegar verður heimilt að byggja 100 m² fjallaskála ásamt 25 m² geymslu og hins vegar verður heimilt að halda við eða byggja nýtt hestahús, 80 m² að stærð.

Bórólfsfell - Nýtt deiliskipulag

Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins. Skipulagssvæðið er 2 ha. að stærð. Heimilt verður að byggja 120 m² fjallaskála með gistileyfi fyrir 20 manns, 80 m² gestahúsi og allt að 40 m² geymslu.

Bakkafit - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 250 m² íbúðarhúsi, 50 m² gestahúsi og 400 m² vélageymslu. Mænishæð íbúðarhúss getur verið allt að 6,0 m.

Tjaldhólar - Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulags breytingin gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit sem heilar 250 m² íbúðarhús með eða án bílskúrs. Mænishæð getur verið allt að 7,0 m. Miðað við gólfkóta. Afmörkun fyrri byggingarreits er minnkaður lítillega.

Bergþórugerði - Deiliskipulagsbreyting

Lagt er til að gerð verði breyting á deiliskipulagi í Bergþórugerði á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að íbúðum í götunni er fjölgað úr 40 í 84. Gert er ráð fyrir 46 íbúðum í 2ja hæða fjölbýlishúsum með risi, 6 íbúðum í þremur parhúsum með risi og 22 íbúðum í einbýlishúsum, þar af 3 á tveimur hæðum með risi og 10 íbúðum í 2ja hæða raðhúsum með risi. Hámarks mænishæð er 7,5 m.

Brúnir 1 - Deiliskipulagsbreyting

Með deiliskipulagsbreytingunni er verið að stækka byggingarreit og hámarks byggingarmagn fer úr 650 m² í 700 m². Markmið með breytingunni er að fjölga bílastæðum og hleðslustöðvum.

Ofangreinda deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 20. september 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemd til 1. nóvember 2023. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing deiliskipulagstillögu í Rangárþingi eystra.

Eystra-Seljaland - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jörðinni Eystra-Seljaland, L163760 þar sem lagt er til að 26 ha. verði breytt úr Landbúnaðarland (L) í verslun- og þjónustu (VP).

Rauðafell 2 - Aðalskipulagsbreyting

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jörðinni Rauðafell 2 L163707, alls verða 36,1 ha. breytt úr landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP) en á þremur svæðum. 3,8 ha. verða fyrir ferðaþjónustu, veitingarekstur og gistingu, 23,7 ha. verða fyrir ferðaþjónustu, gistingu og heilsulind en 8,6 ha. verða fyrir gistihús í ferðaþjónustu.

Ofangreindar skipulagslýsingar verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 4. október n.k. kl. 10:00 til 12:00. Einnig verða tillögurnar aðgengilegar á heimasíðu Rangárþings eystra og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 20. október 2023.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs

Sigríður er nýr menningar-, atvinnu-, og markaðsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 14. september sl. að ráða Sigríði Hjálmsdóttur sem menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa hjá Hveragerðisbæ.

Starfið var auglýst 29. júní 2023. Alls bárust tuttugu og sex umsóknir um starfið, þrír drógu sig til baka og voru tuttugu og þrjár umsóknir metnar.

Sigríður hefur starfað sem framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju frá árinu 2018 til dagsins í dag. Á árunum 2015 til 2018 var Sigríður menningar- og markaðsfulltrúi Grundarfjarðarbæjar. Sigríður hefur einnig starfað sem þýðandi, stundakennari við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, sem ráðgjafi



á sviði samskipta, viðburðarstjórnunar og almannatengsla, sem blaðamaður, fréttastjóri og æskulýðsfulltrúi.

HSU hlýtur 4 milljóna styrk

Heilbrigðisstofnun Suðurlands sótti um styrk til gæða- og nýsköpunarverkefna í heilbrigðisþjónustu og hlaut 4 milljóna styrk fyrir verkefnið „Notkun erkitýpu-sjúklinga“ til greiningar á stöðu bráðþjónustu á Suðurlandi, þetta kom fram í tilkynningu frá HSU á þriðjudag.

Markmið verkefnisins er að greina styrkleika og áskoranir við veitingu bráðþjónustu á þjónustusvæði HSU, allt frá Hellisheiði í vestri til Hafnar í austri. Sérstaklega verður litið til landfræðilegra áskoranna á stöðum eins og Höfn og Vestmannaeyjum ásamt dreifbýlis með mikilli ferðamannaþjónustu líkt og Örfasveit. Notkun erkitýpa við greiningu á ferlum í þjónustu er vel þekkt og talin ein öflugasta leiðin til að skilja mismun í þjónustu milli hópa og staða. Slík greining hefur ekki farið fram áður á Íslandi í bráðþjónustu og gæfi greinargóða mynd á þær áframhaldandi áskoranir bráðþjónustu ásamt því að verkefnið nýtist sem fyrirmynd fyrir landið allt.

Samdar verða lýsingar á 10 erkitýpu sjúklingum sem lýsa lykilþáttum í þjónustubörf einstaklinga sem leita í bráðþjónustu HSU. Þess verður

gætt að líta til, meðal annarra þátta, barna og fullorðinna, líkamlegra og geðrænna kvilla ásamt veikindum og slysum. Farið verður yfir hvernig hver og einn sjúklingur færi í gegnum þjónustuna á mismunandi tímum sólarhrings fyrir allar starfsstöðvar.

Verkefnið samræmist heilbrigðisstefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.

En með því að greina ferla verkefnisins í umdæmi HSU getum við kortlagt með góðum hætti hvort þörf sé á breytingum á skipulagi starfseminnar eða hvort og hvernig við getum styrkt starfsstöðvarnar við sínar áskoranir við veitingu bráðþjónustu.

Verkefnið horfir til kafla 4 í heilbrigðisstefnunni þar sem fjallað er um að landsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum og þekkingu til að taka upplýstar ákvarðanir um val á heilbrigðisþjónustu. Sérstaklega samræmist verkefnið áherslu ársins að styðja við eftirfylgni með tillögum viðbragðsteymis ráðuneytisins um umbætur í bráðþjónustu á landsvísi.

Ábyrgðarmaður verkefnisins er Sigurður Böðvarsson, framkvæmdastjóri lækninga.





Innsti Kjarni boðinn upp



Listakonan Ninný (Jónína Magnúsdóttir) hefur fært Krabbameinsfélagi Árnessýslu málverkið Innsti Kjarni að gjöf og verður það á uppboði í Gallerý ListaSel á Selfossi í október mánuði. Málverkið er unnið í olíu með dálítið grófri áferð. Þar leikur Ninný sér með lita-samsetningu og form. Ninný þykir mikil-vægt að við hugsum vel um innsta kjarnan í okkur og lýsir hún verkinu á þennan hátt: „Hver ertu og hvað er best fyrir þig, hlúðu að þínum innri manni. Ef þú horfir á verkið þá sérðu að það er eins og kjarni og geislar út frá kjarnanum. Látum sálarljós okkar skína og ein besta tilvitnun sem ég vitna stundum í er Brostu framan í heiminn þá brosir heimurinn við þér. Ég veit að það getur verið erfitt þegar fólk er að ganga í gegnum erfið-leika, það hef ég sjálf reynt. En það hjálpar svo ótrúlega mikið að reyna að horfa á björtu hlið-arnar og muna að líta inn á við og rækta sinn innri mann“.

Uppboðið stendur til 18. október og fær hæstbjóðanda afhent verkið á Bleika daginn, 20. október. Boð í verkið berast til Gallerý ListaSel að Brúarstræti 1 á Selfossi, eða á info@listasel.is

Ninný er menntuð frá Mynd-lista og handíðaskóla Íslands, sem nú er Listaháskóli Íslands. Ninný hefur auk þess sótt sér meiri menntun víðar í Danmörku, Ítalíu, Bandaríkjunum, Svíþjóð og á Spáni. Ninný kenndi myndlist um tíma, en hefur að mestu starfað sem sjálf-stætt starfandi listamaður. Ninný sat í stjórn Norræna Vatnslita-félagsins í 6 ár sem fulltrúi Íslands en auk þess hefur hún tekið að sér ýmis verkefni tengd myndlist. Hún hélt Fri Akademi á Íslandi fyrir listamenn frá öðrum löndum, staðið fyrir námskeiðum með erlendum lista-mönnum og var í forsvari fyrir

stórri vatnslitasýningu í Norræna húsinu, þar sem norrænir lista-menn sýndu auk breskra lista-manna. Ninný hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín og var valin listamaður Garðabæjar árið 2000. Ninný hefur haldið yfir tuttugu einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga á Íslandi og erlendis.

Ninný hefur gaman af fjöl-breytni í verkum sínum og vinnur í ýmsa miðla, olíu, vatns-liti og blandaða tækni. Í verkun-um finnst henni skipta máli lita-flæðið, ljósið og andstæðurnar. Hún malar bæði figúratív mál-verk og afstrakt og finnst gott að breyta um mótív. Náttúran hefur sterk áhrif á hana og stundum segja verkin einhverja sögu, sýna oft nánd við eina eða fleiri manneskjur. Ninný er ekki bundin af litavali, heldur teflir saman litum eins og tilfinn-ingin segir henni. Sjá má verk eftir Ninnýju

á eftirfarandi síðum:
www.ninny.is, www.facebook.com/ninnyartist, www.instagram.com/ninnyartist



Skipulagsfulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfusi

Vegna mikillar uppbyggingar óskar Sveitarfélagið Ölfus eftir sérfræðingi í skipulagsmálum til að vinna við krefjandi og fjölbreytileg viðfangsefni á öllum stigum skipulags. Viðkomandi mun hafa yfirumsjón með skipulagsmálum í sveitarfélaginu og koma að fjölbreyttum verkefnum þeim tengdum.

HÆFNISKRÖFUR

- Jákvæðni, vinnusemi og vilji til að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins í Ölfusi.
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Reynsla af skipulagsvinnu og góð þekking á lagaumhverfi og ferlum skipulagsmála.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Geta til að leiða fundi og stýra vinnustofum í þverfaglegu samstarfi.
- Hæfni í að kynna verkefni og skrifa góðan texta.
- Gott skynbragð á myndræna framsetningu.
- Þekking á hönnunarforritum og landupplýsingakerfum.

Umsóknir skulu berast á netfangið sigmar@olfus.is í síðasta lagi 2. október 2023.

Umsóknum þurfa að fylgja greinagóðar upplýsingar um menntun og reynslu.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Sigmar B. Árnason í síma 480 3800 eða á sigmar@olfus.is.

ÖLFUS

... hamingjan er hér!



Sími 482 1944
solfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



STUNDASKRÁ FÉLAGS ELDRI BORGARA SELFOSSI - HAUST 2023

KL.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
09:00					
09:30	Fornsögur M1 9:30-10:30	Styrktarleikfimi	Öndvegisbókm. M1 9:30-10:30	Styrktarleikfimi	
10:00	Gönguhópur 10:00-11:00	Stólaleikfimi M2 10-11		Gönguhópur* 10:00-11:00	Stólaleikfimi M2 kl. 10-11
10:00	Pappír pappír S1 10:00-13:00				Pútt kl. 10:00-11:00 GOS
10:30			Stólajóga M2 10:35-11:20	Boccia Iða 10:20-11:20	
11:00					
11:30-12:30	H Á D E G I S M A T U R Í M Ö R K - H Á D E G I S M A T U R Í M Ö R K				
12:30	Bridge S2 12:30-15:00			Bridge S2 12:30-15:00	
13:00	Hannyrðir S-3 13:00-15:00		Myndlist S1 13:00-15:00	Hannyrðir S3 13:00-14:30	
13:00		Tálgað í tré S1 13:00-15:00		Postulín S1 13:00-15:00	Keramik S1 15:30-17:30
13:00					
13:15					
13:30	Leiklestur M1 13:30-14:30	Félagsvist M1 13:30-16:00		Frjáls spil M1 13:30-14:30	
14:00		Samvera í Selfosskirkju Þriðjudagssamvera kl. 14:00-15:30. Heimilisleg samvera með léttu yfir-bragði, kaffi og konfektí og góðum gestum. - Allir hjartanlega velkomnir.	Kínaskák M1 13:30-15:30	OPIÐ HÚS M1 með dagskrá frá kl. 14:45 Kaffi + meðlæti kr. 1500. Molakaffi kr. 200.	
14:45		12. september, 26. september, 10. október, 24. október, 7. nóvember, 21. nóvember og 5. desember.			
15:00	Perlusaumur 15:00-16:30				
15:30					
16:00			Hörpukórinn M2 16:00-17:30		
		Lindex-höllin - Íþróttavöllur			
		Þriðjudagur		Fimmtudagur	
		Styrktarleikfimi 9:30 og 10:30		Styrktarleikfimi 9:30 og 10:30	

* Rúta frá Guðm. Tyrfings fylgir hópnum. Uppsalar; salur á 2. hæð í Grænumörk. Bridge, pílukast og snóker er boði flesta daga. Sími 892-3028. Ragnhildur Vilhjálmssd. M1=Mörk aðalsalur - M2=Mörk íþróttasalur - S1=Salur 1 - S2=Salur 2 - S3=Matsalur.

Öll námskeiðin eru haldin í Grænumörk 5, nema annað sé tekið fram.

Skrifstofa FEBSEL, opin fimmtud. kl. 13:00 í Grænumörk. Sími gjaldkera er 894-9465 - Sími formanns 893-2136 Stundataflan er birt með fyrirvara um breytingar.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

KIRKJA

Þorláksskirkja

Guðsþjónusta kl. 20:00. Létta form. Félagar í Kór Þorláksskirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar. Fermingarborn og foreldrar sérstaklega hvött til að mæta. Kaffi og spjall eftir stundina. Verum öll velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 með þátttöku fólks úr Evrópsku kirkjutónlistarsamtökunum sem halda ráðstefnu sína í Skálholti. Prestsþjónustu sinnir sr. Axel Á Njarðvík og Jón Bjarnason er organisti. Verðið öll velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar sunnudaginn 24. september kl. 11:00 í Hvítasunnukirkjunni Selfossi, Austurvegi 40B. English translation available. www.selfossgospel.is

Hrunakirkja

Helgistund í Hrunakirkju sunnudagskvöldið 24. sept. kl. 20. Húgrún Vignisdóttir sálfræðingur fjallar um þætti sem stuðla að velliðan barna. Kirkjukórinn flytur hugljúf lög og sálma undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Hugvekja, bæn og blessun. Helgistundin er liður í heilsuvíku Hrunamannahrepps. Verðið öll velkomin!

Stóra-Núpskirkja

Helgistund mánudagskvöldið 25. sept. kl. 20. Kirkjukórinn flytur ljúfa sálma undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Góð byrjun á vetrarstarfi og vinnuvíku.

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 24. september klukkan 11. Þema messunnar er Sköpunin. Altarísganga, Ester og kirkjukórinn leiða sönginn. Öll velkomin!

Sunnudagaskóli klukkan 11 í umsjá Sjafnar og leiðtoga. Öll eru innilega velkomin!

Þriðjudagssamvera þriðjudaginn 26. kl 14, sérstakur gestur er Oddur Árnason. Stjórnuður Selfosskirkju. Kórnaðmskeiðið fyrir börn fædd 2017 fer af stað þriðjudaginn 26. sept kl 17. Skráning er á edit@simnet.is og er þáttaka ókeypis. Sjá alla dagskrá kirkjunnar á Facebook og heimasíðu kirkjunnar.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður þann 23. sept kl. 11-12 að Eyrarvegi 15. Komið og spjallið saman yfir nýbókunum vöflum og kaffi

Allir velkomnir.

Skákkennsla grunnskólabarna

Laugardaginn 23. sept. klukkan 11:00 hefst skáknámskeið fyrir 8-16 ára krakka í Fischersetri. Skákkfélag Selfoss og nágrennis sér um kennsluna og hafa nokkrir kennarar umsjón yfir kennslunni. Þetta verða 10 skipti eða einu sinni í viku og þá á laugardögum frá 11:00 – 12:30 og kostar allt námskeiðið 10.000 kr.

Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 849 8654 eða sendið tölvupóst á netfangið arnarbreki9@gmail.com.



Frá skáknámskeiðinu í Fischersetri haustið 2021.



Fjallganga að hausti

Frá árinu 1970 fóru ML-ingar í fjallgöngu að hausti með kennurum sínum og öðru starfsfólki. Í gegnum árin hefur verið gengið á hin ýmsu fjöll og mætti þar nefna Laugarvatnsfjall, að sjálfsögðu, Bjarnarfell, Þríhyrning, Vörðufell og svo mætti áfram telja.

Nokkur ár eru síðan þessi göða hefð lagðist af enda erfitt að koma því fyrir í skipulagi skólans að fara með allan hópinn í göngu og kaup á rútuferðum ekki eins auðklöfið verkefni í fjárhagnum og áður.

Í miðjum Covid-19 faraldrinum upphófst umræða um mikilvægi hefðanna. Ekki endilega í því samhengi að mikilvægt sé að

gera hlutina eins, alltaf. Heldur dýrmæti þeirrar sameiginlegu, jákvæðu reynslu sem margar hefðanna í ML skapa fyrir þá nemendur sem hafa stundað nám við skólann í gegnum áratugina. Hefðir sem lifa tengja ML-inga saman, þvert á kynslóðir.

Þar sem ákveðið rof hafði orðið á skólastarfinu í tengslum við faraldurinn var ákveðið að fara í það starf með nemendum að varðveita hefðir og jafnvel endurvekja einhverjar þeirra. Fjallgangan varð þar fyrir valinu.

Farið var af stað í fjallgöngu á ný haustið 2022 og tókst afar vel til. Stefnan hefur verið sett á að fara í fjallgönguna hér í næsta nágrenni og þurfa því ekki að kaupa akstur og þannig einnig að tryggja að allir nemendur skólans upplifi að ganga á þennan næsta nágranna okkar, Laugarvatnsfjallið.

Í fyrra fórum við upp Gjabakkaveg og þaðan upp eftir fjallinu svonefnda skíðalyftuleið en nú í ágúst 2023 lögðum við á sama fjallið upp eftir stikuðum vegi Lionsmanna á Laugarvatni. Leiðin sem farin var þetta árið var töluvert brattari en í fyrra en alveg ljómandi skemmtileg og fljótfarnari.

Útsýnið sem fæst ofan úr fjallshlíðum er ekki keypt í næstu sjöppu og upplifun að fá að horfa yfir sveitirnar í blíðskaparveðri eins og göngudaginn okkar góða.

Á leiðinni niður gátu þreyttir nemendur gætt sér á bláberjum og hrútaberjum.

Jóna Katrín,
Skólameistari ML

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Skrifstofa Félags eldri borgara á Selfossi verður opin fimmtudaginn 21. september kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fimmtudaginn 21. september kl. 14:45. Kynning á vetrarstarfi. Kaffi og kökur í boði félagsins.

Sjá auglýsingu um vetrarstarf á bls. 9

ÞJÓNUSTA

GRUNNSTOÐIR

- HEITGALVANISERAD ÚRVALSSTÁL
- FASTUR KOSTNAÐUR
- HENTUR FYRIR HVERSKYNS JARÐVEG
- MIÐIÐ ÚRVAL TILBÚNA FESTINGA
- 30 ÁRA REYNSLA

ECO HELIX PRO

HÚSGRUNNAR TILBÚNIR Á EINUM DEGI

ENGINN JARÐVEGSVINNA
ENGINN BIÐTÍMI
SPARIÐ TÍMA OG PENINGA

866 4788 - 866 7500

GRUNNSTOÐIR.IS

Gjöf til Móbergs

Nýverið barst hjúkrunarheimilinu Móbergi á Selfossi málverk að gjöf frá Sunnu Sturludóttur og veittu Margrét Andersdóttir og Indíana dóttir hennar því viðtöku.

Málverkið var í eigu foreldra Sunnu og henni langaði að leyfa öðrum að njóta þess á Móbergi, enda myndefnið þekkt kennileiti og kunnulegt flestum.

Málverkið er af Snæfellsjökli og er málað af finnsku listakonunni Oely Elínu Sandström, en hún bjó á Íslandi í tæp 20 ár og málaði íslenska náttúru. Verkið málaði hún á árunum milli 1960-1970 og er 1,10x66cm að stærð.



Ljósmynd: HSU.

Sjálfbært samfélag fyrir sjálfbæra skóla

Átta kennarar frá tveimur Erlendum skólum heim sóttu FSu í byrjun skólaársins og dvöldu hér í umsjá kennara FSu frá 24. til 28. ágúst. Annar skólinn er Lasnamae Gymnasium í Tallinn á Eistlandi og hinn er President Adamkaus Gymnasium í Kaunas í Litháen. Sameiginlegt verkefni þessarar heimsóknar nefnist á ensku Sustainable Community for Sustainable Schools eða sjálfbært samfélag fyrir sjálfbæra skóla og er á vegum Nordplus. Þetta er svokallað jobshadowing verkefni eða nokkurskonar skuggsjá þar sem skólabragur og allar aðstæður og aðbúnaður til kennslu er kannaður og borin saman.

Tæplega ári áður eða frá 10. til 15. október 2022 var verkefnið

haldið í Tallinn á Eistlandi þar sem fjórir kennarar frá FSu tóku þátt og síðan að nýju þann frá 24. til 28. apríl 2023 í Litháen. Fulltrúar FSu í þessu spennandi verkefni hafa verið Kristjana Hrund Bárðardóttir enskukennari, Ester Ýr Jónsdóttir raungreinakennari og Anna Kristín Valdimarsdóttir myndlistarkennari auk Ragnheiðar Eiríksdóttur heimspekikennara og Guðbjargar Helgu Guðmundsdóttur stærðfræðikennara.

Erlendu gestirnir voru hæst ánægðir með heimsóknina. Þeim fannst FSu að utan sem innan alveg frábær. Kennarar og nemendur svo glaðir alla daga miðað við hvað búsetan er norðarlega á hnettinum. Fyrir utan að skoða skólahúsnæðið með gestsaugum fylgdust þau með

kennslustundum og fóru í heimsókn í Stekkjaskóla sem þeim fannst alveg meiriháttar. Lit háarnir voru duglegir að skoða landið og skoðuðu Reynisfjöru og Landmannalaugar. Öll óku þau Gullna hringinn og Kristjana Hrund fór með Eistana í bíltúr um hinn fagra Flóa: Urríðafoss, Knarrarósvita, Þuríðar-búð, fjöruna á Eyrarbakka. Allir skrifuðu nöfn og kveðjur í gestbókina í Halls koti og enduðu á að klappa hestunum á Stekkum hjá Önnu Kristínu Valdimarsdóttur. Niðurstaðan var sú að þeim fannst þessi ferðamennska svo miklu meira virði og fróðlegri en að skoða hefðbundna ferðamannastaði.

khh / jöz



Skákmót Skákfélag Selfoss og nágrennis

SSON heldur Fischer slembiskákmót í Fischersetri laugardaginn 7. október kl. 11.

Tefldar verða 7 umferðir og tímamörkin eru 10 mínútur á hverja skák að viðbættum 5 sekúndum á hvern leik.

Teflt er í einum flokki.

Mótið er öllum opið og það þarf ekki að skrá sig fyrirfram.

Allir velkomnir og vegleg verðlaun í boði, 25.000 kr. fyrir fyrsta sæti, 15.000 kr. fyrir annað og 10.000 kr. fyrir þriðja sæti, auk fleiri vinninga.

Skákdómari er Róbert Lagerman og umsjónarmaður mótsins er Ari Björn Össurason.



Mynd: Freepik.com

Héraðsmót HSK í golfi fatlaðra 2023

Héraðsmót HSK í golfi fatlaðra var haldið á Svarfhólsvelli, Selfossi 13. september. Mótið gekk vel og þegar því var lokið var haldið á Bulluna þar sem keppendur og aðstandendur nutu góðra veitinga.

Þeir sem kepptu á héraðsmótinu höfðu æft golf í sumar hjá Íþróttafélaginu Suðra. Þjálfari þeirra var Alexandra Eir Grétarsdóttir og stjórnaði hún mótinu.

Úrslit

Konur:

1. sæti María Sigurjónsdóttir
2. sæti Telma Þöll Þorbjörnsdóttir
3. sæti Sigríður Erna Kristinsdóttir

Karlar:

1. sæti Eðvarð Huginn Hólmarsson og Árni Bárðarson
3. sæti Bjarni Friðrik Ófeigsson



Frítt í landsbyggðarstrætó á bíllausa daginn

Á bíllausa daginn 22. september verður frítt í Strætó bæði á höfuðborgarsvæðinu og með landsbyggðarstrætó. Bíllausi dagurinn er haldinn í tilefni af evrópsku samgönguvikunni sem er frá 16. - 22. september.

Strætó hefur tekið þátt í samgönguvikunni með viðburðinum Bíllausi dagurinn undanfarin ár og í ár ákvað Vegagerðin að

taka einnig þátt en Vegagerðin rekur og ber ábyrgð á landsbyggðarstrætó. Með því verður frítt í Strætó á milli byggðarlaga í fyrsta sinn.

Þetta er því tilvalið tækifæri fyrir fólk til að breyta út af vananum, hvíla bílinn og velja fjölbreyttari og vistvænni ferðamáta.



Suðurrhólar lokaðir tímabundið milli Vesturrhóla og Tryggvagötu

Vegna vinnu við gerð nýs hringtorgs á Selfossi við Hólastekk, Jörvík og Suðurrhóla, verður Suðurrhólum lokað, 18. september, milli Vesturrhóla og Tryggvagötu og varir lokunin í 6 vikur.

Hjáleið fyrir fólksbílaumferð verður um Tryggvagötu, Norðurrhóla og Vesturrhóla. Umferð stærri bíla er beint um Austurveg og Eyraveg. Umferð að Jörvík verður óbreytt eða um Hólastekk.



Átján ungmenni gengu yfir Fimmvörðuháls

Átján nemendur 8-10 bekkjar í Hvolsskóla gerðu sér lítið fyrir og gengu yfir Fimmvörðuháls á fimmtudaginn í síðustu viku. Í ellefu ár hefur Hvolsskóli gengið á fjöll í héraði í verkefninu 10 tinda ganga. Nú í haust hófst annar hringur í þessu skemmtilega verkefni, þar sem einn dag á hverju hausti þeysast nemendur og starfsmenn Hvolsskóla á fjöll í héraði með það að markmiði að þeir nemendur sem hafi verið í skólanum í 10 ár (1.-10. bekk) hafi gengið á tíu fjöll við útskrift. Hópurinn sem útskrifaðist síðasta vor var þar af leiðandi sá fyrsti sem lauk þeim merka áfanga.

Vilja vekja áhuga nemenda á hreyfingu og útivist

„Hvolsskóli er heilsueflandi skóli og hefur verið aðili að því verkefni frá haustinu 2015 þegar við sóttum fyrst um aðild. Því er áhersla hjá okkur á hreyfingu og hollustu. 1. bekkur gengur alltaf á Stóru-Dímon, 2.-4. bekkur gengur á Lambafell, Háamúla og Vatnsdalsfjall, 5.-7. bekkur gengur á Fagrafell, Hrótkoll og Þórólfsfell, 8.-10. bekkur gengur á Drangshlíðartind, Einhyrning og Þríhyrning. Síðar í ferlinu fór leikskólinn hér á Hvolsvelli að bæta við ellefta fjallinu með því að ganga sama dag og við á Hvolsfjall með elsta árganginn. Við viljum með þessu vekja áhuga nemendanna á hreyfingu og útivist sem og á þessari náttúruþaradis sem

nærumhverfið okkar er,“ segir Birna Sigurðardóttir, skólastjóri Hvolsskóla í samtali við Dagskrána.

„Haustið 2021 gengum við áleiðis upp með Skógá þar sem ófært var inn að Einhyrningi og Hrótkoll og þá kviknaði þessi hugmynd um að bjóða upp á göngu á Fimmvörðuháls í vali. Því buðu íþróttakennararnir Helgi Jens og Lárus Viðar galvaskir upp á þennan áfanga í vali haustið 2022. Ekki gekk okkur að selja þá hugmynd það haustið en nú í haust skráðu sig 18 nemendur í gönguna og fóru með í ferðina,“ bætir Birna við.

Útbúnaðurinn upp á tíu

Birna segir að það þurfi að fara varlega þegar leið eins og þessi er farin og að mikilvægt sé að vera vel útbúinn fyrir ferðina. „Kennarar sem bjóða upp á valið hittu nemendur og fóru yfir búnað og annað fyrir ferðina sem og sendu á foreldra. Við fylgdumst vel með veðurspá, höfðum samband við skálavörð í Baldvinsskála, ræddum við Björgunarsveitina Dagrenningu um fyrirhugaða ferð og fengum þar lánaðar Tetra-stöðvar og því var gönguhópurinn alltaf í sambandi. Auk þess voru kennarar sem fóru með hópinn búnir undir flest; allt frá

plástrum, upp í neyðartjald ef einhver hefði til dæmis snúið sig illa og þurft að bíða eftir bíl frá björgunarsveitinni. Með hópnum fóru síðan áður nefndir íþróttakennarar ásamt tveimur öðrum kennurum. Til gamans má geta þess að nemendur í 9. og 10. bekk geta tekið þátt í Unglingadeild Björgunarsveitarinnar Dagrenningar, Ými og fengið það val metið inn sem valáfanga. Margir nemendanna hafa verið virkir í því starfi og hafa tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum og alls konar útivist,“ segir Birna.

Beint í boltaleik eftir 9,5 klukkustunda göngu

„Ferðin lukkaðist frábærlega. Hópurinn fór um 25 km og tók gangan um 9,5 klukkustundir. Veðrið lék við gönguhrólfana og allt eins og best verður á kosið. Það voru þreyttir ferðalangar sem lentu á Hvolsvelli rétt um kl. 22 eftir vinnudag frá kl. 7 um morguninn, en þá hafa þau flest þurft að rísa úr rekkju og koma sér í gallann fyrir daginn. Það vakti aðeins furðu þreyttra kennara að þegar krakkarnir komu í Bása eftir þessa löngu göngu var það fyrsta sem þeir gerðu að fara í boltaleik. Það voru því enn dropar eftir á tanknum,“ segir Birna brosandí, en truckur frá Southcoast Adventure mætti með grill og pylsur til að fódra göngugarpana áður en heim var haldið.

„Við teljum gríðarlegt forvarnargildi í verkefnum sem þessum. Það er verkefni sem yta undir heilbrigðan lífsstíl; hreyfingu og útivist. Við erum mjög stolt af því hvað hægt hefur verið að bjóða upp á mikla fjölbreytni í vali hjá okkur á elsta stigi. Við fáum gjarnan aðila úr samfélaginu til að koma til okkar með valáfanga en svo erum við heppin með það að kennarahópurinn okkar er hugmyndaríkur og býr yfir mismunandi hæfileikum,“ segir Birna að lokum. HGL



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is